



FRAMKVÆMDASTJÓRN  
EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussels, **XXX**

EASA álit 06/2012

[...](2012) **XXX** drög

## VIÐAUKI VIÐ EASA ÁLIT 06/2012

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../..**

frá **XXX**

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2003 (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði**

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../..

frá **XXX**

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2003 (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS,

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 (EB) nr. 216/2008, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002<sup>1</sup>, og tilskipunar 2004/36/EB, einkum gr. 8(5) hennar,

Þar sem:

- (1) Starfræksla loftfars, sem skráð er í aðildarríki, skal uppfylla viðeigandi grunnkröfur, sem kveðið er á um í viðauka IV við reglugerð nr. 216/2008, nema lögbundið öryggiseftirlit með því hafi verið falið þriðja ríki og það sé ekki notað af flugrekanda í Evrópusambandinu.
- (2) Rekstur loftfars, sem skráð er í þriðja ríki og notað af flugrekanda þar sem eitthvert aðildarríki tryggir eftirlit með rekstrinum eða það er notað til, innan eða frá Evrópusambandinu af flugrekanda, sem stofnsettur er eða á heima í Evrópusambandinu, skal vera í samræmi við viðeigandi grunnkröfur sem kveðið er á um í viðauka IV við reglugerð nr. 216/2008.
- (3) Viðauki IV viðreglugerð nr. 216/2008 kveður á um áframhaldandi lofthæfiskröfur fyrir starfrækslu loftfars, þar á meðal kröfur um að fyrirtæki hafi stjórn á áframhaldandi lofthæfi flókinna vélknúinna loftfara og loftfara sem starfrækt eru í viðskiptalegum tilgangi.
- (4) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að taka upp nauðsynlegar framkvæmdarreglur til þess að skapa skilyrði fyrir örugga starfrækslu loftfara. Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 kveður á um viðkomandi framkvæmdarreglur fyrir áframhaldandi lofthæfi.
- (5) Núverandi reglugerð kveður á um breytingar við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 í því skyni að tryggja að loftfar, sem vísað er til í forsendum (1) og (2), uppfylli kröfur um áframhaldandi lofthæfi sem kveðið er á um í viðauka IV við reglugerð nr. 216/2008.
- (6) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægilegan tíma til þess að aðlaga sig að hinum nýja stjórnsýsluramma.

- (7) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd „stofnunin“) útbjó tillögur að framkvæmdarreglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (8) Aðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnuð með 65. grein í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

#### SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

##### *1. grein*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 er breytt með eftirfarandi hætti:

1. grein er breytt sem hér segir:

##### *„1. grein*

##### *Markmið og gildissvið*

Þessi reglugerð kveður á um algengar tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla til þess að tryggja:

1. áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem skráð er í aðildarríki, þar á meðal alla íhluti, sem koma á fyrir á því, nema lögbundið öryggisefirlit hafi verið falið þriðja ríki og að það sé ekki notað af rekstraraðila í Evrópusambandinu.
2. fylgni við grunnkröfurnar, sem kveðið er á um í grunnreglugerðinni um áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem skráð er í þriðja ríki, og íhluti, sem koma á fyrir á því, er:
  - a) notuð af rekstraraðila, sem óskar eftir vottorði samkvæmt viðauka III (hluta-ORO) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða viðauka VII (hluta-ORA) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, nema fyrir loftfar sem notað er í þjónustuleigu eða samkvæmt samkomulagi um sameiginlegt flugnúmer; eða
  - b) flogið til, innan eða frá ESB af rekstraraðila sem stofnsettur er eða með lögheimili í Evrópusambandinu.“

2. grein er breytt sem hér segir:

„Innan gildissviðs þessarar reglugerðar skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

[...]

- (n) „flutningaflug“ þýðir starfræksla loftfars, sem hefur með flutninga farþega, farms, pósts aðgera gegn þóknun eða í leigu samþykks flugrekanda eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1008/2008.“

3. grein er breytt sem hér segir:

##### *„3. grein*

##### *Kröfur um áframhaldandi lofthæfi*

1. Áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem vísað er til í grein 1(1) og íhluta til uppsetningar á því, skal tryggt í samræmi við ákvæði viðauka I.
2. Fyrirtæki og starfsfólk, sem hefur með áframhaldandi lofthæfi loftfars að gera, sem vísað er til í grein 1(1) og íhluta til uppsetningar á því, þar á meðal viðhald, skal uppfylla ákvæði viðauka I og þar sem við á þeirra sem tilgreind eru í greinum 4. og 5.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem vísað er til í 1. grein (1), með flugleyfi, tryggt á grundvelli sérstakra áframhaldandi lofthæfisstafana eins og skilgreint er í flugleyfinu sem gefið er út í samræmi við viðauka I (hluta-21) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
4. Áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem vísað er til í grein 1(2), og íhluta til uppsetningar á því, skal tryggt í samræmi við ákvæði viðauka V.“

4. Í 4. grein, er 1. málsgrein breytt með eftirfarandi hætti:

1. Samþykki viðhaldsfyrirtækja skulu gefin út í samræmi við ákvæði viðauka I, undirhluta F eða viðauka II.

5. 7. grein er breytt sem hér segir:

„7. grein

Gildistaka

1. Reglugerð þessi skal öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.  
Hún skal gilda frá og með 28. október 2014.
2. Þrátt fyrir aðra undirmálsgrein málsgreinar 1, fyrir loftför, sem ekki eru notuð í flutningaflugi, skulu kröfur viðauka V gilda frá 28. október 2015.
3. Þrátt fyrir aðra undirmálsgrein málsgreinar 1, geta aðildarríki valið að beita ekki:
  - (a) við viðhald á flugvélum með stimplahreyfla, án jafnþrýstibúnaðar og með 2 000 kg hámarksflugtaksmassa og þar undir, sem ekki eru notaðar í flutningaflugi, má finna kröfur um að vottunarstarfsfólks hafi réttindi í samræmi við viðauka III (hluta-66) fram til 28. september 2014 í eftirfarandi ákvæðum:
    - M.A.606(g) og M.A.801(b)2 í viðauka I (hluta-M),
    - 145.A.30(g) og (h) í viðauka II (hluta-145);
  - (b) við viðhald á ELA1 loftförum, sem ekki taka þátt í flutningaflugi, fram til 28. september 2015:
    - (i) skilyrði lögbæra yfirvaldsins fyrir útgáfu viðhaldsskírteinis loftfars í samræmi við viðauka III (hluta-66), sem nýtt eða breytt samkvæmt lið 66.A.70 í þessum viðauka;
    - (ii) kröfur um að vottunarstarfsfólk hafi réttindi í samræmi við viðauka III (hluta-66) má finna í eftirfarandi ákvæðum:
      - M.A.606(g) og M.A.801(b)2 í viðauka I (hluta-M),

4. Þegar aðildarríki nýtir ákvæði 3. málsgreinar skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni og stofnuninni.
5. Að því er varðar tímamörk, sem finna má í liðum 66.A.25, 66.A.30 og viðbæti III við viðauka III (hluta-66), sem tengjast prófunum á grunnþekkingu, grundvallarreynslu, fræðilegri þjálfun og prófunum, verkþjálfun og mati, tegundarprófunum og starfsþjálfun, sem farið hefur fram áður en reglugerð þessi tók gildi, skal upprunatíminn vera sú dagsetning sem þessi reglugerð notar.
6. Stofnunin skal senda inn álit til framkvæmdastjórnarinnar, þar á meðal tillögur um einfalt kerfi, sem byggir á meðalhófi, fyrir útgáfu á leyfum til vottunarstarfsfólk, sem hafa með viðhald ELA1 loftfara, svo og loftfara, annarra en flugvéla og þyrlna að gera.

### *2. grein*

Viðauka I (hluta-M) er breytt í samræmi við viðauka 1 við þessa reglugerð og nýjum viðauka V (hluta-T) er bætt við í samræmi við viðauka 2 við þessa reglugerð.

### *3. grein*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmálana.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún skal gilda frá [1 ári eftir gildistöku hennar].

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar  
Forsetinn*

## VIÐAUKI 1

**Viðauka I (Hluti-M) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003 er hér með breytt sem hér segir:**

1. Efnisyfirlitinu er breytt eins og hér segir:  
  
[...]  
  
M.A.306 tækniflugbókarkerfi loftfars  
  
[...]  
  
Viðbætur I: Samningur um stjórnun áframhaldandi lofthæfis  
  
[...]
2. Í M.1 er 4. málsgrein skipt út með eftirfarandi hætti:
  4. til samþykktar á viðhaldsáætlunum,
    - (i) yfirvald tilnefnt af aðildarríki skráningarinnar, eða
    - (ii) ef samið hefur verið um það við aðildarríki skráningarinnar áður en samþykki viðhaldsáætluninni tók gildi:
      - (a) yfirvaldið, sem tilnefnt er af ríkinu, þar sem rekstraraðilinn hefur höfuðstöðvar sínar eða er stofnsettur eða býr, eða
      - (b) yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem stjórnar áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, eða eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við í samræmi við M.A.201(e)(ii).
3. Í M.A.201, er málsgreinum (e) til (j) breytt og nýrri málsgrein (k) hefur verið bætt við með eftirfarandi hætti:
  - (e) Í tilvikum flutningaflugs ber rekstraraðilinn ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem hann starfrækir, og skal hann:
    1. tryggja að engin flug fari fram nema skilyrðin tilgreind í málsgrein (a) séu uppfyllt;
    2. vera samþykktur, sem hluti af flugrekstrarleyfi hans, sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis í samræmi við M.A undirhluta G fyrir loftfarið, sem hann starfrækir; og
    3. vera samþykktur í samræmi við hluta-145 eða gert samning í samræmi við M.A.708(c) við slíkt fyrirtæki.
  - (f) Í tilvikum atvinnustarfsemi, annarrar en flutningaflugs, með flókin vélknúin loftför, skal rekstraraðilinn:
    1. tryggja að engin flug fari fram nema skilyrðin tilgreind í málsgrein (a) séu uppfyllt;

2. hafa hlotið samþykki, sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis samkvæmt M.A. undirhluta G, fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem það starfrækir, eða gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við viðbæti I, og
  3. tryggja að fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem vísað er til í (2), hafi hlotið samþykki í samræmi við hluta-145 fyrir viðhald á loftfari og íhlutum til ásetningar á því, eða það hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við M.A.708(c).
- (g) Í tilvikum atvinnustarfsemi, annarrar en flutningaflugs, með flókin vélknúin loftför, skal rekstraraðilinn:
1. tryggja að engin flug fari fram nema skilyrðin tilgreind í málsgrein (a) séu uppfyllt;
  2. hafa hlotið samþykki, sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis samkvæmt M.A. undirhluta G, fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem það starfrækir, eða gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við viðbæti I, og
  3. tryggja að fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem vísað er til í (2) hafi hlotið samþykki í samræmi við hluta-M undirhluta F eða hluta-145 fyrir viðhald á loftfari og íhlutum til ásetningar á því, eða það hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við M.A.708(c).
- (h) Til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt málsgrein (a) skal eigandi flókins vélknúins loftfars, sem fellur ekki undir málsgrein (e) eða (f), tryggja að:
1. verkefnin í tengslum við áframhaldandi lofthæfi séu framkvæmd af samþykktu fyrirtæki á sviði stjórnunar áframhaldandi lofthæfis. Gera skal skriflegan samning í samræmi við viðbæti I, og
  2. tryggja að fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem vísað er til í (1), hafi hlotið samþykki í samræmi við hluta-145 fyrir viðhald á loftfari og íhlutum til ásetningar á því, eða það hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við M.A.708(c).
- (i) Til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt málsgrein (a) fyrir loftfar, sem fellur ekki undir málsgreinar (e), (f), (g) eða (h), getur eigandinn gert samning við fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis um verkefnin sem tengjast áframhaldandi lofthæfi. Gera skal skriflegan samning í samræmi við viðbæti I.
- (j) Fyrir loftfar, sem fellur ekki undir málsgreinar (e), (f), (g) eða (h) getur eigandi, sem ákveður að stjórna áframhaldandi lofthæfi loftfarsins á eigin ábyrgð án samnings í samræmi við viðbæti I, samt sem áður gert takmarkaðan samning við fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis um gerð viðhaldsáætlunar og samþykkis hennar í samræmi við lið M.A.302. Þessi takmarkaði samningur flytur ábyrgðina á gerð og samþykki viðhaldsáætlunarinnar til fyrirtækisins fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis sem samningurinn er gerður við.

- (k) Eigandinn/rekstraraðilinn skal tryggja að allir einstaklingar, sem lögbæra yfirvaldið hefur heimilað, fái aðgang að öllum húsakynnum eða skjölum, sem tengjast starfsemi hans, þar á meðal allri starfsemi undirverktaka, til þess að ákvarða fylgni við þennan hluta.
4. Í M.A.301, eru málsgreinum (2), (4) og (7) breytt með eftirfarandi hætti:
2. leiðrétting í samræmi við gögn, sem tilgreind eru í lið M.A.304 og/eða lið M.A.401, eins og við á, á öllum bilunum og skemmdum, sem hafa áhrif á örugga notkun, með tilliti til listans yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment list, MEL) og lista yfir stillingarfrávik,
  4. fyrir öll flókin vélknúin loftför eða loftför notuð í flutningaflugi, greiningin á skilvirkni hinnar samþykktu viðhaldsáætlunar M.A.302;
  7. fyrir ólögbundnar breytingar og/eða skoðanir, fyrir öll flókin vélknúin loftför eða loftför notuð í flutningaflugi, koma á fót útfærslustefnu;
5. Í M.A.302, er málsgrein (c)(ii) breytt með eftirfarandi hætti:
- (ii) Fyrirtækið á sviði áframhaldandi lofthæfis skal ekki nota hið óbeina samþykkisferli þegar viðkomandi fyrirtæki er ekki undir eftirliti aðildarríkis skráningarinnar, nema samkomulag sé til staðar í samræmi við lið M.1., málsgrein 4(ii), sem flytur ábyrgðina á samþykki viðhaldsáætlunar loftfarsins til þess lögbæra yfirvalds, sem ber ábyrgð á fyrirtækinu fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis.
6. Í M.A.302, er málsgrein (f) breytt með eftirfarandi hætti:
- (f) Fyrir flókin vélknúin loftför, þegar viðhaldsáætlunin byggir á rökum viðhaldsstýrihóps eða á ástandseftirliti, skal viðhaldsáætlun loftfarsins einnig búa yfir áreiðanleikaáætlun.
7. Í M.A.305, er málsgrein (b)(2) breytt með eftirfarandi hætti:
2. þegar þess er krafist í lið M.A.306, tækniflugbók loftfarsins.
8. Í M.A.306, er fyrirsögninni breytt með eftirfarandi hætti:
- M.A.306 tækniflugbókarkerfi loftfars
9. Í M.A.306, er lið (a) breytt með eftirfarandi hætti:
- (a) Í atvinnustarfsemi, til viðbótar við kröfur M.A.305, skal rekstraraðili nota tækniskráningarkerfi loftfars sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert loftfar:
- (...)
10. Í M.A.403 er (b) og (c) breytt með eftirfarandi hætti:



- (b) Einungis heimilað vottunarstarfsfólk, samkvæmt liðum M.A.801(b)1, M.A.801(b)2, M.A.801(c), M.A.801(d) eða viðauka II (hluta-145), getur ákveðið, með því að nota viðhaldsgögn M.A.401, hvort bilun í loftfari hafi í för með sér alvarlega hættu gegn flugöryggi og þar með ákveðið hvenær og hvort grípa skuli til leiðréttandi aðgerðar áður en frekari flug eiga sér stað og hvaða lagfæringar á bilunum megi fresta. Hins vegar gildir þetta ekki þegar MEL er notað af flugmanni eða heimiluðu vottunarstarfsfólki.
  - (c) Allar bilanir í loftfari, sem myndu ekki hafa í för með sér alvarlegar hættur gegn flugöryggi, skal lagfæra eins fljótt og hægt er, eftir dagsetninguna sem fyrst varð vart við bilunina í loftfarinu og innan markanna, sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum, eða MEL.
11. Í M.A.504, er málsgrein (b) breytt með eftirfarandi hætti:
- (b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og geyma á öruggum stað undir stjórn samþykkt viðhaldsfyrirtækis þar til að ákvörðun er tekin um framtíðarstöðu slíks íhlutar. Þrátt fyrir það, fyrir loftför, sem ekki eru notuð í flutningaflugi, önnur en flókin vélknúin loftför, getur einstaklingurinn eða fyrirtækið, sem sagði íhlutinn ónothæfan, flutt umsjá hans, eftir að hafa auðkennt hann sem ónothæfan, yfir til eiganda loftfarsins að því gefnu að slík tilfærsla komi fram í leiðarbók loftfarsins eða vélarbókinni eða íhlutabókinni.
12. M.A.601 er breytt sem hér segir:
- Þessi undirhluti kveður á um kröfurnar, sem fyrirtæki þarf að uppfylla, til þess að uppfylla skilyrði fyrir útgáfu eða áframhald á samþykki fyrir viðhaldi á loftfari eða íhlutum.
13. Í M.A.706, er málsgrein (k) breytt með eftirfarandi hætti:
- (k) Fyrir öll flókin vélknúin loftför og fyrir loftför notuð fyrir flugsamgöngur í atvinnuskyni mun stofnunin koma á fót og hafa eftirlit með hæfni starfsmanna, sem tengjast stjórnun áframhaldandi lofthæfi, lofthæfisskoðun og/eða gæðaendurskoðanir í samræmi við verklag og staðla sem samþykktir eru af lögbæra yfirvaldinu;
14. Í M.A.708, er málsgrein (c) breytt og nýrri málsgrein (d) bætt við með eftirfarandi hætti:
- (c) Í tilvikum flókinna vélknúinna loftfara og atvinnustarfsemi, þegar hið samþykkt fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis er ekki samþykkt með viðeigandi hætti samkvæmt hluta-145 eða hluta-M.A. undirhluta F, skal stofnunin kveða á um skriflegan viðhaldssamning við samþykkt fyrirtæki eða annan rekstraraðila samkvæmt hluta-145 eða hluta-M.A. undirhluta-F, þar sem fram kemur hlutverkið, sem tilgreint er samkvæmt M.A.301-2, M.A.301-3, M.A.301-5 og M.A.301-6, sem tryggir að allt viðhald sé framkvæmt, þegar allt kemur til alls, af samþykktu viðhaldsfyrirtæki samkvæmt hluta-145 eða hluta-M.A. undirhluta F og skilgreina stuðninginn við gæðaaðgerðir M.A.712(b).

- (d) Þrátt fyrir málsgrein (c) getur samningurinn verið í mynd sjálfstæðra vinnuskipana, sem beint er að viðhaldsfyrirtæki, samkvæmt hluta-145 eða hluta-M.A. undirhluta F í tilvikum:
1. loftfars sem þarfnast óvænts leiðarviðhalds,
  2. viðhalds íhluta, þar á meðal viðhalds á vél.
15. Í M.A.801, er (c) og (d) breytt með eftirfarandi hætti:
- (c) Þrátt fyrir lið M.A.801(b)2 fyrir ELA1 loftfar, sem ekki er notað í atvinnuskyni, getur vottunarstarfsfólk, sem vísað er til í lið M.A.801(b)2, látið frá sér flókinn lista yfir viðhaldverk loftfars sem talin eru upp í viðbæti VII;
- (d) Þrátt fyrir lið M.A.801(b), við óvæntar aðstæður, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekkert samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem samþykkt er með viðeigandi hætti samkvæmt þessum viðauka eða viðauka II (hluta-145), og ekkert viðeigandi vottunarstarfsfólk er tiltækt, getur eigandinn heimilað að einstaklingur með eigi minna en þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og tilskylda menntun og hæfni framkvæmi viðhaldið í samræmi við þá staðla, sem kveðið er á um í undirhluta D við þennan viðauka, og afhendi loftfarið. Eigandinn skal í slíku tilviki:
1. fá og geyma í loftfarinu skrár yfir alla þá vinnu, sem framkvæmd var, og menntun viðkomandi einstaklings, sem gaf vottorðið út; og
  2. tryggja að farið sé yfir allt slíkt viðhald og loftfarið afhent af viðeigandi heimiluðum einstaklingi, sem vísað er til í lið M.A.801(b) eða fyrirtæki, sem samþykkt er í samræmi við kafla A, undirhluta F við þennan viðauka (hluta-M) eða viðauka II (hluta-145) svo fljótt sem verða má og innan tímabils sem ekki fer yfir sjö daga; og
  3. tilkynni fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun áframhaldandi lofthæfis loftfarsins, þegar samningur er um slíkt í samræmi við lið M.A.201(i), eða lögbæra yfirvaldinu, þegar slíkur samningur er ekki til staðar, innan sjö daga frá útgáfu slíkrar vottorðsheimildar.
16. Í M.A.803, er málsgrein (b) breytt með eftirfarandi hætti:
- (b) Fyrir öll loftför sem ekki eru flókin og vélknúin með 2 730 kg flugtaksþunga og minni, svifflugur, mótordrífur svifflugur eða loftbelgi, sem ekki eru notuð í atvinnuskyni, getur flugmanns-eigandinn gefið út afhendingarvottorð eftir takmarkað viðhald flugmanns-eiganda eins og tilgreint er í viðbæti VIII.
17. Málsgrein M.A.901 (g) er breytt með eftirfarandi hætti:
- (g) Þrátt fyrir liði M.A.901(e) og M.A.901(i)2, fyrir ELA1 loftför, sem ekki eru notuð í atvinnuskyni, má lögbært yfirvald einnig gefa út lofthæfissskoðunarvottorðið eftir fullnægjandi mat, sem byggir á ráðleggingum frá vottunarstarfsfólki, sem formlega er samþykkt af lögbæra yfirvaldinu, svo og ef ákvæðum viðauka III (hluta-66) er fylgt ásamt kröfunum í lið M.A.707(a)2(a), sent ásamt umsókninni frá eigandanum eða rekstraraðilanum. Þessi ráðlegging skal byggja á lofthæfissskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við lið M.A.710 og skal ekki gefin út lengur en í tvö ár í röð;

18. Málsgrein M.B.105 (a) breytt með eftirfarandi hætti:

- (a) Í því skyni að stuðla að úrbótum á flugöryggi, skulu lögbæru yfirvöldin taka þátt í gagnkvæmri miðlun allra nauðsynlegra upplýsinga í samræmi við 15. grein grunntreglugerðarinnar.

19. Viðbæti I er breytt sem hér segir:

Viðbæti I: Samningur um stjórnun áframhaldandi lofthæfis

1. Þegar eigandi gerir samning, í samræmi við M.A.201, við fyrirtæki fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO), sem samþykkt er í samræmi við hluta-M undirhluta-G (CAMO), um framkvæmd á verkefnum fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn senda afrit af samningnum, eftir ósk um slíkt frá lögbæra yfirvaldinu, til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríki skráningarinnar þegar hann hefur verið undirritaður af báðum aðilum.
2. Samningurinn skal gerður með hliðsjón af kröfum hluta M og skal skilgreina skyldur samningsaðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.
3. Hann skal að minnsta kosti innihalda:
  - skráningu loftfarsins,
  - tegund loftfarsins,
  - raðnúmer loftfarsins,
  - eiganda loftfarsins eða nafn skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þar á meðal heimilisfang,
  - CAMO upplýsingar, þar á meðal heimilisfang.
  - tegund starfrækslu
4. Hann skal kveða á um eftirfarandi atriði:

„Eigandinn felur CAMO stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, gerð viðhaldsáætlunar, sem samþykkt skal af lögbæru yfirvaldi, eins og kemur fram í M.1 og skipulagningu á viðhaldi loftfarsins í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun.

Samkvæmt núverandi samningi skuldbinda báðir hinna undirrituðu sig til þess að fylgja viðeigandi skyldum þessa samnings.

Eigandinn lýsir því yfir að eftir sinni bestu trú að allar upplýsingar veittar til hins samþykktu lofthæfisfyrirtækis (CAMO) er varða áframhaldandi lofthæfi loftfarsins séu og muni vera réttar og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirliggjandi samþykkis hins samþykktu lofthæfisfyrirtækis.

Komi upp ósamræmi við þennan samning, af hálfu annars hvors undirritunaraðilans, ógildir það samninginn. Í slíku tilviki, mun eigandinn halda eftir fullri ábyrgð á sérhverju verkefni, sem tengist áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og mun eigandinn sjá um að upplýsa lögbæra yfirvaldið í aðildarríki skráningarinnar innan tveggja fullra vikna.“

5. Þegar eigandi gerir samning við CAMO með M.A.201 skal skyldum hvers aðila deilt eins og hér segir:

5.1. Skyldur CAMO :

1. halda gerð loftfarsins innan gildissviðs samþykkis þess;
2. virða skilyrðin fyrir viðhaldi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem talin eru upp að neðan:
  - a) gera viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, sem tekur til allra áreiðanleikaáætlana, sem gerðar eru, ef við á;
  - b) kveða á um viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætluninni) sem flugmaðurinn-eigandinn má framkvæma í samræmi við lið M.A.803(c);
  - c) skipuleggja samþykki á viðhaldsáætlun loftfarsins;
  - d) þegar hún hefur verið samþykkt, afhenda eigandanum afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins;
  - e) skipuleggja brúarskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins;
  - f) sjá til þess að allt viðhald sé framkvæmt af samþykktu viðhaldsfyrirtæki;
  - g) sjá til þess að öllum gildandi tilskipunum um lofthæfi sé beitt;
  - h) sjá til þess að allar bilanir, sem uppgötvast við reglubundið viðhald, lofthæfisskoðun eða eigandi tilkynnir um, séu lagfærðar af samþykktu viðhaldsfyrirtæki;
  - i) samræma reglubundið viðhald, beitingu á lofthæfistilskipunum, endurnýjun á hlutum með takmarkaðan endingartíma og kröfur er varða skoðun íhluta;
  - j) upplýsa eiganda í hvert sinn sem koma skal með loftfarið til samþykktu viðhaldsfyrirtækis;
  - k) sjá um allar tæknilegar skrár;
  - l) geyma allar tæknilegar skrár;
3. skipuleggja samþykki á öllum breytingum á loftfarinu í samræmi við viðauka I (hluta-21) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 áður en þær eiga sér stað;
4. skipuleggja samþykki á öllum viðgerðum á loftfarinu í samræmi við viðauka I (hluta-21) við reglugerð (EB) nr. 748/2012 áður en þær eru framkvæmdar;
5. upplýsa lögbært yfirvald í aðildarríki skráningarinnar í hvert sinn sem eigandinn kemur ekki með loftfarið til hins samþykktu viðhaldsfyrirtækis að ósk hins samþykktu fyrirtækis;
6. upplýsa lögbæra yfirvaldið í aðildarríki skráningarinnar í hvert sinn brotið er gegn núverandi samningi;
7. tryggja að lofthæfisskoðun loftfarsins sé framkvæmd þegar þörf er á og tryggja að lofthæfisskoðunarvottorðið sé gefið út eða ráðlegging send til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríki skráningarinnar;

8. senda afrit innan 10 daga af lofthæfisskoðunarvottorðinu, sem gefið er út, eða framlengt til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríki skráningarinnar;
9. framkvæma allar tilkynningar um atvik eins og gildandi reglur kveða á um;
10. upplýsa lögbæra yfirvaldið í aðildarríki skráningarinnar í hvert sinn sem annar hvor aðili hafnar núverandi samningi.

5.2. Skyldur eigandans:

1. búa yfir almennum skilningi á hinni samþykktu viðhaldsáætlun;
2. búa yfir almennum skilningi á þessum viðauka (hluta-M);
3. koma með loftfarið til samþykktu viðhaldsfyrirtækisins, sem CAMO hefur samþykkt, á þeim tíma sem CAMO hefur ákveðið;
4. breyta ekki loftfarinu án þess að ráðfæra sig fyrst við CAMO;
5. upplýsa CAMO um allt viðhald, sem framkvæmd er í undantekningartilvikum, án vitundar og eftirlits CAMO;
6. tilkynna CAMO í gegnum skráningarskírteinið um allar bilanir sem finnast við notkun;
7. upplýsa lögbæra yfirvaldið í aðildarríki skráningarinnar í hvert sinn sem annar hvort aðili hafnar núverandi samningi;
8. upplýsa CAMO og lögbæra yfirvaldið í aðildarríki skráningarinnar í hvert sinn sem loftfar er selt;
9. framkvæma allar tilkynningar um atvik eins og gildandi reglur kveða á um;
10. upplýsa CAMO reglulega um flugtíma loftfarsins og aðrar notkunarupplýsingar, eins og samið hefur verið um við CAMO ;
11. skrá afhendingarvottorðið í leiðarbækurnar eins og nefnt er í lið M.A.803(d) þegar viðhald flugmanns-eiganda er framkvæmt án þess að farið sé út fyrir mörk viðhaldsverkefnalistans, eins og skilgreint er í samþykktu viðhaldsáætluninni, eins og fram kemur í lið M.A.803(c);
12. upplýsa CAMO eigi síðar en 30 dögum eftir lúkningu alls viðhalds á vegum flugmannsins-eigandans í samræmi við lið M.A.305(a).

20. Viðbæti VI, blaðsíðu 1, er breytt með eftirfarandi hætti:

Viðauki VI

Samþykki fyrirtækis fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis  
sem vísað er til í viðauka I (hluta-M) undirhluta G

[AÐILDARRÍKI\*]

Aðili að Evrópusambandinu \*\*

**FYRIRTÆKI FYRIR STJÓRNUN ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFIS  
SAMÞYKKISVOTTORÐ**

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS \*].MG.XXXX (tilv. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 sem gildir um sinn og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru að neðan vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS\*] hér með:

[NAFN FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis í samræmi við kafla A undirhluta G í viðauka I (hluta-M) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, samþykkt til þess að stjórna áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem skráð er í meðfylgjandi áætlun um samþykki og, þegar svo er kveðið á um, til þess að gefa út ráðleggingar og lofthæfisskoðunartvottorð eftir lofthæfisskoðun eins og tilgreint er í lið M.A.710 í viðauka I (hluta-M) og, þegar svo er kveðið á um, til þess að gefa út flugleyfi eins og tilgreint er í lið M.A.711(c) í viðauka I (hluta-M) við sömu reglugerð.

**SKILYRÐI**

1. Þetta samþykki takmarkast við það sem tilgreint er í gildissviði samþykkiskafla hinnar samþykktu sýningar á stjórnun áframhaldandi lofthæfis eins og vísað er til í kafla A, undirhluta G í viðauka I (hluta-M) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
2. Þetta samþykki krefst samræmis við ferlana, sem tilgreindir eru í viðauka I (hluta-M), og ef við á, viðauka V (hluta-T) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 samþykkt sýning á stjórnun áframhaldandi lofthæfis.
3. Þetta samþykki er í gildi á meðan hið samþykkt fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis er í samræmi við ferlana, sem tilgreindir eru í viðauka I (hluta-M), og ef við á, viðauka V (hluta-T) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
4. Þar sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis gerir samning samkvæmt gæðakerfi sínu um þjónustu við fyrirtæki/margra fyrirtækja, heldur þetta samþykki gildi sínu að því gefnu að fyrirtækin uppfylli gildandi samningsskyldur sínar.
5. Að því gefnu að skilyrði 1 til 4 að ofan séu uppfyllt, skal þetta samþykki halda gildi sínu um ótakmarkaðan tíma, nema samþykkið hafi áður verið gefið upp, leyst af hólmi, ógilt eða afturkallað.

Ef þetta eyðublað er einnig notað fyrir rekstraraðila í flutningaflugi, skal bæta númeri vottorðs flugrekandans (AOC) við tilvísunina, til viðbótar við staðlaða númerið og skipta skal út skilyrði 5 fyrir eftirfarandi viðbótarskilyrði:

6. Þetta samþykki felur ekki í sér heimild til þess að starfrækja þær tegundir loftfara sem vísað er til í málsgrein 1. Heimildin til þess að starfrækja loftfar er vottorð flugrekandans.

7. Uppsögn, ógilding eða afturköllun á vottorði flugrekandans ógildir sjálfkrafa núverandi samþykki í tengslum við skráningar loftfarsins sem tilgreindar eru í vottorði flugrekandans, nema annað sé skýrt tekið fram af hinu lögbæra yfirvaldi.

8. Að því gefnu að fyrri skilyrði séu uppfyllt, skal þetta samþykki halda gildi sínu um ótakmarkaðan tíma nema samþykkið hafi áður verið gefið upp, leyst af hólmi, ógilt eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Undirritað: .....

Dagsetning þessarar endurskoðunar: ..... Endurskoðun nr.:

.....

Fyrir lögbæra yfirvaldið: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS \*]

Blaðsíða ... af ...

(...)

EASA eyðublað 14 útgáfa4

## VIÐAUKI 2

1. Viðauka V (hluta-T) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003 er bætt við eins og hér segir:

### **Viðauki V**

#### **Hluti-T**

Efnisyfirlit

T.1 lögbært yfirvald

Kafli A - tæknilegar kröfur

Undirhluti A – ALMENNT

T.A.101 gildissvið

Undirhluti B - KRÖFUR

T.A.201 almennar kröfur

T.A.205 viðbótarkröfur

Undirhluti C - VIÐHALDSÁÆTLUN

T.A.301 innihald viðhaldsáætlunarinnar

Undirhluti D (frátekið)

Undirhluti E - VIÐHALDSFYRIRTÆKI

T.A.501 viðhaldsfyrirtæki

Undirhluti G - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI Á SVIÐI STJÓRNUNAR ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFIS SEM SAMÞYKKT ER SAMKVÆMT VIÐAUKA I (HLUTA-m) UNDIRHLUTA G

T.A.701 gildissvið

T.A.704 lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.706 starfsmannakröfur

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A 709 skjalavinnsla

T.A.711 sérréttindi

T.A.712 gæðakerfi

T.A. 714 skýrsluhald

T.A.715 áframhaldandi gildi samþykkis

T.A.716 uppgötvanir

Kafli B — ferli fyrir lögbær stjórnvöld



## Undirhluti A – ALMENNT

T.B.101 gildissvið

T.B.102 lögbært yfirvald

T.B.104 Skýrsluhald

## Undirhluti B - ÁBYRGÐARSKYLDA

T.B.201 ábyrgð

T.B.202 uppgötvanir

Undirhluti G - VIÐBÓTARKRÖFUR FYRIR FYRIRTÆKI Á SVIÐI STJÓRNUNAR ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFIS SEM SAMÞYKKT ER SAMKVÆMT VIÐAUKA I (HLUTA-m) UNDIRHLUTA G

T.B.704 áframhaldandi eftirlit

T.B.705 uppgötvanir

## VIÐBÆTIR

Viðbætur I við hluta-T - samningur um stjórnun áframhaldandi lofthæfis

### T.1 lögbært yfirvald

Í tilgangi þessa hluta skal lögbæra stjórnvaldið vera:

1. Fyrir loftför, sem vísað er til í grein 1 (2)(a), yfirvaldið, sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem rekstraraðilinn er með höfuðstöðvar sínar.
2. Fyrir loftför, sem vísað er til í grein 1 (2)(b), yfirvaldið, sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem rekstraraðilinn býr eða er stofnsettur.
3. Fyrir eftirlit með fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis eins og tilgreint er í T.A., undirhluta G:
  - (i) yfirvaldið, sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem viðkomandi fyrirtæki er með höfuðstöðvar sínar, eða
  - (ii) stofnunin, ef fyrirtækið er staðsett í þriðja ríki.

## HLUTI A – TÆKNILEGAR KRÖFUR

### Undirhluti A – almennt

#### T.A.101 gildissvið

Þessi kafli kveður á um kröfur til þess að tryggja að áframhaldandi lofthæfi sé stýrt samræmi við grunnkröfur viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Hann tilgreinir einnig skilyrðin sem einstaklingar og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á stjórnun áframhaldandi lofthæfis og viðhaldi þess skulu uppfylla

### Undirhluti B - kröfur

### **T.A.201 almennar kröfur**

1. Rekstraraðilinn ber ábyrgð á lofthæfi loftfarsins og skal tryggja að það sé ekki starfrækt nema:
  - (a) loftfarið hafi gerðarvottorð gefið út eða staðfest af stofnuninni;
  - (b) loftfarið sé í lofthæfu ástandi;
  - (c) loftfarið hafi gilt lofthæfisskírteini gefið út í samræmi við ICAO viðauka 8;
  - (d) viðhald loftfarsins sé framkvæmd í samræmi við viðhaldsáætlunina sem skal uppfylla kröfur undirhluta C.
  - (e) allar bilanir eða skemmdir, sem hafa áhrif á örugga notkun loftfarsins, séu leiðréttar að því marki sem viðunandi er fyrir skráningarríkið;
  - (f) loftfarið uppfylli allar gildandi:
    - (i) lofthæfistilskipanir eða kröfur um áframhaldandi lofthæfi sem gefin eru út eða samþykkt af skráningarríkinu; og
    - (ii) lögboðnar öryggisupplýsingar sem gefnar eru út af Stofnuninni, þar á meðal lofthæfistilskipanir;
  - (g) afhendingarvottorð til notkunar er gefið út fyrir loftfarið eftir viðhald af hæfum einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við kröfur skráningarríkisins. Undirritað afhendingarvottorð til notkunar skal innihalda, einkum, grunnupplýsingar um viðhaldið sem framkvæmt var.
2. Skoða skal loftfarið með forflugsskoðun, allar breytingar og viðgerðir skulu vera í samræmi við lofthæfiskröfurnar sem skráningarríkið hefur kveðið á um
3. Eftirfarandi skrár loftfarsins skulu geymdar þar til nýjar upplýsingar, sem jafngildar eru að gildissviði og ítarleika, hafa komið í stað upplýsinganna í þeim, þó ekki skemur en 24 mánuði:
  - (a) heildartíma í notkun (klukkustundir, hringrásir og dagbókartíma, eins og við á) loftfarsins og um alla íhluti sem hafa takmarkaðan endingartíma;
  - (b) núverandi stöðu á fylgni við kröfur T.A.201 (1)(f);
  - (c) núverandi stöðu á fylgni við viðhaldsáætlunina;
  - (d) núverandi stöðu á breytingum og viðgerðum ásamt viðeigandi upplýsingum og sönnunargögnum til þess að sýna fram á þær samrýmist kröfunum sem skráningarríkið kveður á um.

### **T.A.205 viðbótarkröfur fyrir loftför sem taka þátt í flutningaflugi og starfrækslu flókinna vélknúinna loftfara**

1. Rekstraraðilinn skal tryggja að verkefnin, sem tilgreind eru í T.A.201, séu undir eftirliti fyrirtækis fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem samþykkt er í samræmi við hluta-M undirhluta G fyrir gerð loftfarsins og uppfylli viðbótarkröfur T.A undirhluta G. Í því skyni skal gerður samningur við fyrirtæki í samræmi við viðbæti I við þennan hluta þegar rekstraraðili hefur ekki viðeigandi samþykki sem fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis.

2. Fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, sem vísað er til í (1) skal tryggja að viðhald og afhending loftfarsins sé framkvæmd af viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur undirluta E. Í því skyni, þegar fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis uppfyllir ekki sjálft kröfur undirluta E, skal gera samning við slíkt fyrirtæki

### **Undirhluti C - viðhaldsáætlun**

#### **T.A301 viðhaldsáætlun**

1. Rekstraraðilinn ber ábyrgð á því að gera og breyta viðhaldsáætluninni og samræmi hennar við kröfur skráningarríkisins.
2. Viðhaldsáætlunin skal byggja á viðhaldsáætlunarpplýsingum sem fyrirtækið, sem ber ábyrgð á gerðarhönnuninni, hefur sent frá sér.
3. Viðhaldsáætlunin skal innihalda viðhaldsverk og tímabil fyrir framkvæmd slíkra verka þar sem tekið er mið af væntanlegri notkun loftfarsins. Einkum skal viðhaldsáætlunin tilgreina verkefni og tímabil, sem tilgreind hafa verið sem lögboðin, í leiðbeiningum fyrir áframhaldandi lofthæfi.

### **Undirhluti D (frátekið)**

### **Undirhluti E - viðhaldsfyrirtæki**

#### **T.A.501 viðhaldsfyrirtæki**

Fyrirtækið á sviði áframhaldandi lofthæfis skal tryggja að viðhaldsfyrirtækið uppfylli eftirfarandi kröfur:

- (a) Fyrirtækið hafi samþykki sem viðhaldsfyrirtæki gefið út af eða sé viðunandi fyrir skráningarríkið.
- (b) Gildissvið samþykkisins á fyrirtækinu taki til viðeigandi loftfars og getu íhluta þess.
- (c) Fyrirtækið hafi komið á fót atvikatilkynningarkerfi, sem tryggi að sérhvert ástand loftfars eða íhlutar, sem auðkennt hefur verið og stefnir flugöryggi í hættu, sé tilkynnt til rekstraraðilans, lögbærs yfirvalds rekstraraðilans, fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á gerðarhönnuninni eða viðbótargerðarhönnuninni, og fyrirtækisins fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis.
- (d) Fyrirtækið hefur komið á fót fyrirtækjahandbók sem gefur lýsingu á öllum ferlum fyrirtækisins.

### **Undirhluti G - viðbótarkröfur fyrir fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis sem samþykkt eru samkvæmt viðauka I (hluta-M) Undirhluta-G**

#### **T.A.701 gildissvið**

Þessi undirhluti kveður á um þær kröfur, sem fyrirtæki samþykkt í samræmi við hluta-M, undirhluta G til þess að stjórna verkefnum tilgreindum í T.A.201, skal uppfylla til viðbótar kröfum hluta-M undirhluta G

#### **T.A.704 lýsing á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

Til viðbótar kröfum M.A.704 (a), skal sýningin innihalda ferla sem tilgreina hvernig fyrirtækið á sviði stjórnunar á áframhaldandi lofthæfi tryggir samræmi við hluta-T

#### **T.A.706 starfsmannakröfur**

Til viðbótar kröfum M.A.706 (g), M.A.706 (c) og (d) skulu starfsmenn búa yfir fullnægjandi þekkingu á gildandi reglum þriðja ríkis.

#### **T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

1. Þrátt fyrir M.A.708, skal fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis fyrir loftför sem stjórnað er samkvæmt kröfum hluta-T:
  - (a) tryggja að farið sé með loftfarið til viðhaldsfyrirtækis þegar nauðsyn ber til;
  - (b) tryggja að allt viðhald sé framkvæmt í samræmi við viðhaldsáætlunina;
  - (c) tryggja beitingu T.A.201 (1)(f) lögboðinna upplýsinga;
  - (d) tryggja að allar bilanir, sem finnast við reglubundið viðhald, eða tilkynnt er um, séu lagfærðar af viðhaldsfyrirtækinu í samræmi við viðhaldsgögnin sem skráningarríkinu þykja ásættanleg;
  - (e) samræma reglubundið viðhald, beitingu á öllum skyldubundnum T.A.201 (1)(f) upplýsingum, skipti á endurnýjanlegum hlutum og kröfur er varða skoðun íhluta til þess að tryggja að vinnan sé framkvæmd á réttan hátt;
  - (f) hafa umsjón með og geyma skrár um áframhaldandi lofthæfi sem krafist er af T.A.201 (4);
  - (g) tryggja að breytingar og viðgerðir eru samþykktar í samræmi við kröfur skráningarríkisins.
2. Þegar fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis gerir samning við rekstraraðila til þess að framkvæma verkefni, sem tilgrein eru í lið (1), skal samningur gerður í samræmi við viðbæti I á milli rekstraraðilans og fyrirtækisins fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis.

#### **T.A.709 skjalavinnsla**

Þrátt fyrir M.A.709 (a) og (b) skal fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis fyrir öll loftför, sem stjórnað er í samræmi við kröfur hluta-T, búa yfir og nota gildandi viðhaldsgögn sem skráningarríkinu þykja ásættanleg. Þessi gögn mega koma frá rekstraraðilanum, skal það endurspeglast í samningnum sem vísað er til í T.A.205 (1). Í slíku tilviki þarf fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis einungis að geyma slík gögn á gildistíma samningsins, nema ef þess er krafist af lið T.A.714.

### **T.A.711 sérréttindi**

Fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis, samþykkt í samræmi við hluta-M undirhluta G má framkvæma verkefni, sem tilgreind eru í T.A.708 að því gefnu að fyrirtækið hafi komið á fót ferlum, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, til þess að tryggja fylgni við hluta-T.

### **T.A.712 gæðakerfi**

1. Til viðbótar kröfum M.A.712 skal fyrirtækið fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis tryggja að gæðakerfið hafi eftirlit með að öll starfsemi, samkvæmt þessum undirhluta, fari fram í samræmi við samþykktu ferla.
2. Fyrirtæki sem stjórnar áframhaldandi lofthæfi í samræmi við þennan undirhluta getur ekki notað ákvæði M.A.712 (f).

### **T.A. 714 skýrsluhald**

Til viðbótar kröfum M.A.714 (a) skal fyrirtækið halda þær skrár sem krafist er í T.A.201 (4).

### **T.A.715 áframhaldandi gildi samþykkis**

Til viðbótar skilyrðum M.A.715(a) fyrir fyrirtæki, sem stjórnar áframhaldandi lofthæfi, í samræmi við þennan undirhluta, skal samþykkið halda gildi sínu að því gefnu að:

- (a) fyrirtækið uppfylli gildandi kröfur hluta-T; og
- (b) fyrirtækið tryggi að allir einstaklingar, sem lögbæra yfirvaldið hefur heimilað, fái aðgang að öllum húsakynnum eða skjölum, sem tengjast starfsemi hans, þar á meðal allri starfsemi undirverktaka, til þess að ákvarða fylgni við þennan hluta.

### **T.A.716 uppgötvanir**

1. Eftir móttöku tilkynningar á uppgötvunum í samræmi við T.B.705 skal samþykki fyrirtækisins fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis gera grein fyrir áætlun um leiðréttandi aðgerðir og sýna fram á, með ásættanlegum hætti fyrir lögbæra yfirvaldið, leiðréttandi aðgerð innan tímamarka sem samið hefur verið um við viðkomandi yfirvald.

## HLUTI B — VIÐBÓTARFERLI FYRIR LÖGBÆR STJÓRNVÖLD

### Undirhluti A – almennt

#### T.B.101 gildissvið

Þessi kafli kveður á um þær stjórnsýslulegu kröfur sem lögbær yfirvöld skulu fylgja sem bera ábyrgð á beitingu og framfylgd á hluta A við þennan hluta-T.

#### T.B.102 lögbært yfirvald

1. Almenn  
Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald með úthlutaðri ábyrgð eins og vísað er til í T.1. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á fót skjalfestum ferlum og stjórnskipulagi.
2. Úrræði  
Fjöldi starfsmanna skal hæfilegur til þess að sjá um framkvæmd krafanna eins og lýst er í þessum hluta.
3. Starfsréttindi og þjálfun  
Allir starfsmenn, sem hafa með starfsemi í hluta-T að gera, skulu uppfylla kröfur MB.102 (c).
4. Ferli  
Lögbæra yfirvaldið skal koma á ferlum sem lýsa ítarlega hvernig ná megi fylgni við þennan hluta.

#### T.B.104 Skýrsluhald

1. Kröfur M.B.104 (a), (b), (c) og (e) skulu gilda samkvæmt þessum hluta.
2. Lágmarksskrár fyrir eftirlit með hverju loftfari skulu innihalda, að minnsta kosti, afrit af:
  - a) lofthæfisskírteini loftfarsins,
  - b) öllum viðeigandi bréfaskriftum sem varða loftfarið,
  - c) upplýsingar um allar undanþágur og framfylgdarráðstafanir.
3. Allar skrár, sem tilgreindar eru í T.B.104, skulu gerðar aðgengilegar, að ósk, öðru aðildarríki, stofnuninni eða skráningarríkinu.

#### T.B.105 gagnkvæm miðlun upplýsinga

Kröfur M.B.105 gilda um þennan hluta

### Undirhluti B - ábyrgðarskylda

#### T.B.201 ábyrgð

Lögbæru yfirvöldin, eins og tilgreind eru í T.1. bera ábyrgð á framkvæmd skoðana og rannsókna, þar á meðal könnunum á loftfari til þess að sannreyna að kröfum þessa hluta sé fylgt.

### **T.B.202 uppgötvanir**

1. A stigs 1 uppgötvun er allt mikilsháttar ósamræmi við kröfur hluta-T sem minnka öryggisstaðla og hefur í för með sér alvarlegar hættur gegn flugöryggi.
2. A stigs 2 uppgötvun er allt mikilsháttar ósamræmi við kröfur hluta-T sem minnka öryggisstaðla og hefur hugsanlega í för með sér alvarlegar hættur gegn flugöryggi.
3. Þegar uppgötvun finnst við skoðun, rannsóknir, kannanir á loftförum eða með öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið:
  - a) grípa til ráðstafana eins og nauðsynlegt er, eins og að kyrrsetja loftfarið, til þess að koma í veg fyrir að ósamræmið haldi áfram,
  - b) krefjast þess að gripið sé til leiðréttandi aðgerða í samræmi við eðli uppgötvunarinnar.
4. Fyrir 1. stigs uppgötvanir skal lögbæra yfirvaldið krefjast þess að viðeigandi leiðréttandi aðgerðir séu gerðar áður en frekari flug eiga sér stað og tilkynna skráningarríkinu.

### **Undirhluti G - viðbótarkröfur fyrir fyrirtæki fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis sem samþykkt eru samkvæmt viðauka I (hluta-M) undirhluta G**

#### **T.B.702 upphafssamþykki**

Til viðbótar kröfunum í M.B.702, þegar sýning fyrirtækisins fyrir stjórnun áframhaldandi lofthæfis inniheldur ferla til þess að stjórna áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem vísað er til í grein 1(2), skal lögbæra yfirvaldið kveða á um að þeir ferlar séu í samræmi við hluta-T og sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur hluta-T.

#### **T.B.704 áframhaldandi eftirlit**

Til viðbótar kröfunum í M.B.704, skal viðeigandi sýni loftfars, sem vísað er til í grein 1(2), sem stjórnað er af hluta-M undirhluta G samþykktu fyrirtæki, kannað á 24. mánaða fresti.

#### **T.B.705 uppgötvanir**

Til viðbótar við kröfur M.B.705, skal lögbæra yfirvaldið fyrir öll fyrirtæki, sem sjá um áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem vísað er til í grein 1(2), einnig grípa til aðgerða þegar við endurskoðanir, hlaðskoðanir, eða með öðrum hætti vísbendingar finnast sem sýna að kröfum hluta-T sé ekki fylgt.

## Viðbætur I við hluta-T: Samningur um stjórnun áframhaldandi lofthæfis

1. Samningurinn skal gerður með því að hafa til hliðsjónar kröfur hluta-T og þeirra sem skráningarríkið fer fram á.
2. Hann skal að minnsta kosti innihalda:
  - skráningu loftfarsins og skráningarríkið;
  - framleiðanda/gerð/módel loftfarsins;
  - raðnúmer loftfarsins;
  - upplýsingar um hvernig hafa megi samband við rekstraraðila loftfarsins;
  - tegund starfrækslu
  - nafn á fyrirtækinu sem sér um áframhaldandi lofthæfi, heimilisfang og samþykkistilvísun;
  - Reglugerð skráningarríkisins sem gildir um loftfarið.
3. Hún skal innihalda eftirfarandi atriði:

Rekstraraðilinn ber ábyrgð á því að tryggja að loftfarið búi yfir viðhaldsáætlun loftfars sem ásættanlegt er fyrir skráningarríkið.

Rekstraraðilinn felur hinu samþykta fyrirtæki, sem sér um stjórnun áframhaldandi lofthæfis (CAMO) framkvæmd á stjórnunarverkefnum T.A.708 fyrir áframhaldandi lofthæfi, þar á meðal skipulag á viðhaldi loftfarsins í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun hjá viðhaldsfyrirtæki.

Samkvæmt núverandi samningi skuldbinda báðir hinna undirrituðu sig til þess að fylgja viðeigandi skyldum þessa samnings.

Rekstraraðilinn lýsir því yfir að eftir sinni bestu trú að allar upplýsingar veittar til hins samþykta lofthæfisfyrirtækis er varða áframhaldandi lofthæfi loftfarsins séu og muni vera réttar og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirbyggjandi samþykkis hins samþykta lofthæfisfyrirtækis.

Komi upp ósamræmi við þennan samning, af hálfu annars hvors undirritunaraðilans, ógildir það samninginn. Í slíkum tilvikum mun rekstraraðilinn áfram bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, og mun hann upplýsa lögbært yfirvald sitt innan tveggja vikna.

4. Skyldum beggja aðila skal deilt með eftirfarandi hætti:

### 4.1. Skyldur hins samningsbundna CAMO:

1. halda gerð loftfarsins innan gildissviðs samþykkis þess;
2. virða skilyrðin, sem talin eru upp að neðan, í því skyni að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins:
  - (a) sjá til þess að allt viðhald sé framkvæmt af viðhaldsfyrirtæki;
  - (b) sjá til þess að öllum skyldubundnum T.A.201 (1)(f) upplýsingum sé beitt;
  - (c) sjá til þess að allar bilanir, sem uppgötvast, við reglubundið viðhald, eða eigandi tilkynnir um, séu lagfærðar af viðhaldsfyrirtæki;



- (d) samræma reglubundið viðhald, beitingu á öllum skyldubundnum T.A.201 (1)(f) upplýsingum, skipti á endurnýjanlegum hlutum og kröfur er varða skoðun íhluta;
  - (e) upplýsa eiganda í hvert sinn sem komið er með loftfarið til viðhaldsfyrirtækis;
  - (f) sjá um allar tæknilegar skrár;
  - (g) geyma allar tæknilegar skrár;
3. skipuleggja samþykki á öllum breytingum og öllum viðgerðum á loftfarinu í samræmi við kröfur skráningarríkisins;
  4. upplýsa lögbæra yfirvald rekstraraðilans í hvert sinn sem rekstraraðili kemur ekki með loftfarið til viðhaldsfyrirtækisins eins og CAMO óskar eftir;
  5. upplýsa bæði lögbæra yfirvald rekstraraðilans og lögbæra yfirvald CAMO í hvert sinn sem núverandi samningur er ekki virtur;
  6. framkvæma allar tilkynningar um atvik eins og gildandi reglur kveða á um;
  7. upplýsa lögbæra yfirvald CAMO í hvert skipti sem núverandi samningi er hafnað af öðrum hvorum samningsaðila.

#### 4.2. Skyldur rekstraraðilans:

1. búa yfir almennum skilningi á þessum viðauka (hluta-T);
2. sjá CAMO fyrir viðhaldsáætluninni;
3. koma með loftfarið til viðhaldsfyrirtækið, sem CAMO hefur samþykkt, á þeim tíma sem CAMO hefur ákveðið;
4. breyta ekki loftfarinu án þess að ráðfæra sig fyrst við CAMO;
5. upplýsa CAMO um allt viðhald, sem framkvæmd er í undantekningartilvikum, án vitundar og eftirlits CAMO;
6. tilkynna CAMO í gegnum skráningarskírteinið um allar bilanir sem finnast við notkun;
7. upplýsa lögbæra yfirvald rekstraraðilans í hvert skipti sem núverandi samningi er hafnað af öðrum hvorum samningsaðila.
8. upplýsa lögbæra yfirvald rekstraraðilans og CAMO í hvert sinn sem loftfar er selt;
9. upplýsa CAMO reglulega um flugtíma loftfarsins og aðrar notkunarupplýsingar, eins og samið hefur verið um við CAMO.